

Dags. fundar: 2. mars 2015	Tími: 17.15.	Nr. fundar: 49
Fundarboðari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.	Fundarritari: Björn Valdimarsson.	Staður: Laugardalslaug.

Efni fundar:

1. Viðbót við sundreglur.
2. Erindisbréf nefndarinnar.
3. Yfirdómaranámskeið og dómarnámskeið.
4. Sundþing, skýrsla nefndarinnar.
5. Störf erlendis.
6. ÍM50.

Viðstaddir: Ólafur Baldursson, Sigurður Óli Guðmundsson, Hilmar Örn Jónasson, Björn Valdimarsson, Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir og Viktoría Gísladóttir.

Boðaði forföll: Jón Hjaltason.

Dagskrá:

1. Verið er að vinna í útgáfu á breyttum sundreglum, bæði frá FINA og IPC. Þegar breytingarnar hafa verið þýddar verða þær sendar í tölvupósti til allra dómara.
2. Innan nefndarinnar varð nokkur umræða hvort ekki ætti að aðlaga erindisbréf nefndarinnar hennar störfum. Í núverandi erindisbréf er m.a. talað um tæknimál sem þessi nefnd hefur ekki haft með að gera.
3. Bóklegt yfirdómaranámskeið var haldið fimmtudaginn 26. febrúar. Eru 7 einstaklingar frá ýmsum félögum orðnir yfirdómaranemar en stefnt er á útskrift þeirra í nóvember 2015, á ÍM25. Almennt dómarnámskeið verður haldið fimmtudaginn 19. mars í tengslum við Activismót SH helgina á eftir. Auglýsa þarf það mót sem fyrst.
4. Sundþing SSÍ er framundan. Nefndin er búin að skila skýrslu sinni.
5. Staðfest hefur verið að Sigurður Óli Guðmundsson frá SH mun fara sem alþjóðlegur dómari til Baku 19. júní og starfa þar á móti. Enn er verið að leita upplýsinga um hvort við fáum dómara á bakkann á EYOF í Tíblis dagana 25. júlí – 1. ágúst. Nokkrir sótti um að fara. Komið hefur staðfesting á því að við fáum ekki alþjóðlegan dómara til starfa í Singapore. Skrifstofa SSÍ mun halda áfram að leita að störfum fyrir alþjóðlega dómara og ræsa erlendis.
6. ÍM50 verður haldið 10.-12. apríl n.k. Er það lokaæfingamótið fyrir Smáþjóðaleikana og þarf ýmislegt að vera orðið fullmótað fyrir ÍM50 og best væri að þau atriði sem ætti eftir að loka fyrir Smáþjóðaleikana væru ekki stórvægileg.

Verkefni ákveðin á fundinum:

Verkefni

Ábyrgur

Ljúkist fyrir:

Auglýsa alm.dómaranámskeið.	IELS	Sem fyrst.
Yfifara erindisbréf nefndarinnar	IELS	Sem fyrst.
IPC sundreglur – lokafrágangur	BV	Sem fyrst.
FINA sundreglur – lokafrágangur	SÓG	Sem fyrst

Fundi slitið kl: 18.30. **Næsti fundur:** þriðjudaginn 7. apríl 2015, kl. 17.15 í Laugardalslaug.